



Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfs-
vettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytisins
og stéttarféлага innan BSRB um símenntun,
ráðgjöf og starfsþróun opinberra starfsmanna.

Setrið þróar og heldur utan um starfstengt
nám um allt land og veitir mannauðsráðgjöf
til stofnana.

Upplýsingar um starfsemi og hlutverk
Starfsmenntar má finna á www.smennt.is.

Mannauðsráðgjafi

Fræðslusetrið Starfsmennt auglýsir eftir mannauðsráðgjafa til að sinna innleiðingu mannauðstengdra verkefna. Um er að ræða framkvæmd umbótaverkefna og fræðslu sem miðar að því að efla starfs- tengda símenntun, starfsþróunarleiðir og starfsánægju, og bæta þannig hag stofnana.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Greining á stöðu mannauðsmála innan stofnana
- Þróun og framkvæmd mannauðsúrræða
- Samhæfing verkefna með hagsmunaaðilum
- Fræðsla til stjórnenda og starfsmanna
- Kynningar- og markaðsstarf
- Þátttaka í innlendum og erlendum þróunarverkefnum

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun í mannauðstengdum greinum og meistaranám er kostur
- Starfsreynsla á sem flestum þáttum starfssviðs
- Greiningar- og aðlögunarhæfni
- Geta til að fylgja verkefnum eftir
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Áhættustýring - Sérfræðingur í Markaðsáhættu

Markaðsáhætta hefur umsjón með greiningu, mælingu og eftirliti með markaðs- og lausafjár- áhættu bankans og sinnir líkanagerð vegna þessara áhættuþátta. Deildin ber einnig ábyrgð á eftirliti með afleiðuviðskiptum bankans, bæði með tilliti til varna og viðskipta. Þá sinnir deildin upplýsingagjöf um þróun þessara áhættuþátta innan bankans og til ytri eftirlitsaðila.

Helstu verkefni

- » Þróun og viðhald áhættulíkana og áhættugreininga
- » Útreikningar á eiginfjárförf ásamt hönnun álagsprófa
- » Upplýsingagjöf til innri og ytri aðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun í fjármálastærðfræði, fjármálaverkfræði eða sambærilegu
- » Forritunarreynsla, t.d. í C#, C++, Python, Java eða sambærilegu er nauðsynleg
- » Haldgóð þekking á gagnagrunnsvinnslu (SQL) er krafa og reynsla af SAS er kostur
- » Afburða greiningarhæfni og færni við úrvinnslu og framsetningu gagna
- » Reynsla af áhættustýringu er kostur

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Bergsteinn Ólafur Einarsson, forstöðumaður Markaðsáhættu, í bergsteinn.o.einarsson@landsbankinn.is eða í síma 410 6257 og Bergþóra Sigurðardóttir hjá Mannauði í bergsig@landsbankinn.is eða í síma 410 7907.

Umsókn merkt „Áhættustýring - Markaðsáhætta“ sendist ásamt ferilskrá á netfangið.starfsumsokn@landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2016.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Samherji hf. óskar eftir starfsmönnum í viðhaldsdeildir landvinnslu



SAMHERJI
ICE FRESH SEAFOOD

ÚA Akureyri

Vélstjóri / vélfræðingur

Starfssvið
Alhliða viðhald og rekstur á vél- og tæknibúnaði með áherslu á kæli- og frystikerfi

Menntun
Vélstjórnarmenntun eða sambærileg menntun

Reynsla
Reynsla í rekstri kæli- og frystikerfa æskileg

Annað
Almenn tölvukunnátta. Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Ensukunnátta æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk.
Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá berist Samherja hf. Glerárgötu 30, 600 Akureyri, merktar Anna María Kristinsdóttir eða á netfangið anna@samherji.is



Samherji hf. er alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki í fremstu röð með viðtæka starfsemi víðsvegar um heim. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki, öflugum skipastól og fullkomnum verksmiðjum í landi. Samherji rekur eigið söluvirkni sem er í viðskiptum um allan heim.



Útgerðarfélag Akureyringa rekur eina fullkomnustu fiskvinnslu landsins. Nýlega var nýbygging félagsins tekin í notkun ásamt nýjum vélbúnaði s.s. róbótum, sjálfvirkum þökkunarvélum o.fl. Útgerðarfélag Akureyringa er í eigu Samherja hf.

Samherji Dalvík

Rafvirki eða vélfræðingur

Starfssvið
Alhliða viðhald og rekstur á vélbúnaði með áherslu á rafbúnað og sjálfvirkni

Menntun
Vélfræðingur eða sveinspróf í rafvirkjun

Reynsla
Reynsla af viðhaldi og rekstri vélbúnaðar æskileg

Annað
Almenn tölvukunnátta. Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Ensukunnátta æskileg



Sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) óskar eftir að ráða sviðsstjóra kjara- og réttindasviðs til starfa á skrifstofu félagsins.

Meðal helstu verkefna eru undirbúningur, gerð og eftirfylgd kjarasamninga, ráðgjöf og upplýsingar um kjara- og réttindamál til félagsmanna, gerð kjararannsóknna og verkefni sem tengjast tölugum útreikningum.

- Hæfniskröfur:**
- Hjúkrunarmenntun er æskileg
 - Framhaldsnám á háskólastigi sem nýtist í starfi
 - Þekking og reynsla af gerð kjarasamninga og íslenskum vinnumarkaði
 - Frumkvæði og hæfni til að starfa sjálfstætt
 - Góð tölvukunnátta
 - Rík þjónustulund

Ráðið verður í starfið frá 1. apríl 2016 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur G. Skúlason formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í síma 540-6400 eða olafur@hjukrun.is

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2016. Umsóknum skal skila rafrænt á olafur@hjukrun.is ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi.

Deloitte.

Innri endurskoðun

Deloitte óskar eftir að ráða öflugan starfsmann sem langar að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði innri endurskoðunar. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi og er mikill kostur ef viðkomandi stefnir á fagvottun sem innri endurskoðandi.

- Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun
 - Mjög góð samskiptafærni og vilji til að stuðla að góðum starfsanda
 - Fagmennska og vönduð vinnubrögð
 - Greiningarhæfni og gagnrýnin hugsun
 - Gott vald á íslensku og ensku
 - Þekking og áhugi á upplýsingatækni
 - CIA fagvottun sem innri endurskoðandi er kostur
 - CISA fagvottun sem endurskoðandi upplýsingakerfa er kostur


- Helstu verkefni:**
- Innri endurskoðun
 - Endurskoðun innra eftirlits upplýsingakerfa
 - Innra eftirlit
 - Áhættustýring
 - Góðir stjórnarhættir

Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorlaksdóttir, mannauðsstjóri Deloitte, harpa@deloitte.is
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Deloitte. Umsóknarfrestur er til og með **6. mars nk.** Farið er með allar umsóknir og fyrirsurnir sem trúnaðarmál.



Deloitte er eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Hjá Deloitte starfa rúmlega 200 manns víðsvegar um landið, en á alþjóðavísu eru starfsmenn 225.000. Fyrirtækið leggur metnað í að bjóða starfsmönnum sínum upp á gott starfsumhverfi, sveigjanlegan vinnutíma og metnaðarfulla alþjóðlega endurmenntun.

Deloitte leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð - *Impact that matters*



Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Kennsluráðgjafi hjá skólaþjónustu Árborgar

Fræðsluvið Árborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu kennsluráðgjafa. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á skólaþróun. Skólaþjónusta og skólar í Sveitarfélaginu Árborg vinna að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla í samstarfi við notendur þjónustunnar. Lögd er áhersla á snemmtæka íhlutun, öflug tengsl skólastiga, samstarf mis-munandi fagsviða og fjölbreytileg skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda hugmyndafræði lærdómssamfélagsins (Professional Learning Community).

- Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- ráðgjöf til foreldra, kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna skóla
 - ráðgjöf vegna eflingar fjölbreyttra og sveigjanlegra kennsluhátta
 - ráðgjöf og verkefni á sviði læsis og greininga/skimana
 - ráðgjöf við gerð sérkennsluáætla og mat á stuðningsþörf nemenda
 - ráðgjöf og samstarf með faghópum/teymum

- Menntunar- og hæfniskröfur:**
- leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla er skilyrði
 - framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og kennslufræða er æskileg
 - góðir skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
 - þekking og reynsla af ráðgjafarstörfum er æskileg
 - færni til að tjá sig í ræðu og riti

Frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, sími 480-1900, 852-3918. Áhugasamir geta sent umsóknir á skolathjonusta@arborg.is eða í pósti merktum fræðsluviði Árborgar v/kennsluráðgjafa, Austurvegi 2, 800 Selfoss. **Umsóknarfrestur er til 7. mars 2016.**

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum. Laun fara eftir kjarasamningi launaneftdar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

HAMPIÐJAN

Hampiðjan er leiðandi fyrirtæki í heiminum í sölu og þjónustu á framúrskarandi veiðarfærum til fiskiskipa.

Fyrirtækið er jafnframt í fararbroddi í þróun og framleiðslu á ofurköðlum, sem seldir eru víða um heim, mest til olíuleitar, olíuvinnslu og djúpsjávarransókna.

Hampiðjan er alþjóðlegt fyrirtæki í íslenskri eigu og hjá því starfa rúmlega 520 starfsmenn í 10 löndum.

Fjármálastjóri

Við leitum að öflugum fjármálastjóra til að veita faglega forystu í fjármálum Hampiðjusamstæðunnar. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka þekkingu á fjármálum ásamt reynslu í fjármálastjórn og þekkingu á endurskoðun. Hampiðjan er skráð á Nasdaq First North og starfið er fjölbreytt og krefjandi í alþjóðlegu umhverfi.

Starfssvið:

- Stefnumótun í fjármálum samstæðunnar.
- Uppsetning á reikningum móðurfélags og samstæðunnar.
- Fjárstýring og eftirlit með veltufjármunum.
- Ábyrgð á áætlanagerð ásamt eftirfylgni og kostnaðareftirliti.
- Greiningar, samantekt upplýsinga og skýrslugerð.
- Mat á rekstraruppgjörum og greiningar á þeim.
- Árangursstjórnun tengd markmiðum rekstrareininga.

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði eða annarri háskóla-menntun á svipuðu sviði og framhaldsmenntun er kostur.
- Reynsla af fjármálastjórnun og kostur að hafa unnið á fjármála-sviði innan alþjóðlegrar fyrirtækjasamstæðu.
- Reynsla af uppgjörum og þekking á endurskoðun.
- Greiningarhæfni ásamt færni í að taka saman upplýsingar og setja þær fram á skilmerkilegan og skýran hátt.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og kunnátta í einu Norðurlandamáli kæmi sér vel.
- Færni í mannlegum samskiptum.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita
Auður Bjarnadóttir
(audur.bjarnadottir@capacent.is)
og Hilmar G. Hjaltason
(hilmar.hjaltason@capacent.is)
hjá Capacent

Umsóknarfrestur
er til og með
2. mars nk.

HAMPIÐJAN

Þú getur orðið

Upplýsinga- og alþjóðafulltrúi



Umsóknarfrestur

7. mars

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2285

Starfssvið

- Framkvæmd upplýsingastefnu.
- Umsjón með útgáfumálum, ritstjórn ytri og innri vefja.
- Samskipti við fjölmiðla.
- Skipulagning viðburða.
- Ritstjórn ársskýrslu.
- Umsjón með stefnumótun og árangursmælingum.
- Erlend samskipti og önnur verkefni.

Ríkisendurskoðun leitar að kraftmiklum og lausnamiðuðum einstaklingi til að hafa umsjón með útgáfu og upplýsingamiðlun stofnunarinnar og fleiri verkefnum. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf, æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er æskileg.
- Reynsla af vefumsjón og upplýsingamiðlun, útgáfumálum, blaða- eða fréttamennsku.
- Gott vald á íslensku og ensku auk færni í einu Norðurlandamáli.
- Þekking á ríkisrekstri og stjórnýslu.
- Þekking á stefnumótun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, öguð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi.

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997. Stofnunin endurskoðar ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hefur eftirlit með og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár. Hún gerir grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar og úttekta í skýrslum sem sendar eru Alþingi og birtar opinberlega. Forsætisnefnd Alþingis ræður yfirmann stofnunarinnar, ríkisendurskoðanda, til sex ára í senn. Sjá nánar: www.ríkisendurskodun.is

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



Öflugt fasteignafélag leitar að fjármálastjóra

Fjármálastjóri gegnir lykilhlutverki í starfsemi umsvifamikillar samstæðu fasteignaverkefna með um 40 milljarða eignasafn. Leitað er að skörpum fjármálastjóra í krefjandi starf, þar sem frumkvæði, samskiptafærni og skipulögð vinnubrögð fá að njóta sín.

Í boði er spennandi starf í kraftmiklu og hröðu starfsumhverfi.

Ábyrgð

- Skýrslugjöf og miðlun stjórnendaupplýsinga
- Áætlanagerð og arðsemisútreikningar
- Fjárstýring og samskipti við lánardrottna
- Samskipti við gjaldkera, bókhald og endurskoðendur
- Kostnaðareftirlit
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfni

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, verkfræði, hagfræði eða sambærileg menntun
- Víðtæk reynsla af fjármálastjórnun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska
- Sjálfstæð, skipulögð og öguð vinnubrögð



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem

sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



VILTU VAXA MEÐ ALVOGEN?

VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM VERKEFNASTJÓRA

Lyfjafyrirtækið Alvogen leitar að framúrskarandi verkefnastjóra til að stýra uppbyggingu á samræmdu stjórnendaupplýsingakerfi fyrir alþjóðlega starfsemi fyrirtækisins. Góð reynsla af verkefnastjórnun er mikilvæg og háskólamenntun sem nýtist í starfi er nauðsynleg.

Hjá Alvogen er líflegur og metnaðarfullur liðsandi þar sem við tökumst saman á við krefjandi áskoranir og vinnum að uppbyggingu leiðandi alþjóðlegs lyfjafyrirtækis.

Helstu verkefni

- » Verkefnastýring á hönnun og innleiðingu stefnuskjala og staðla mismunandi stjórnkerfa þar sem Sharepoint kunnátta er mikill kostur
- » Ábyrgð og eftirfylgni með uppbyggingu þeirra skjala sem inn í kerfin fara
- » Sjá til þess að skjöl séu í samræmi við viðeigandi kröfur og reglugerðir
- » Skipulag og utnumhald þjálfunar og reglubundin endurskoðun skjala

ALVOGEN

Alvogen er með starfsemi í 35 löndum og hóf starfsemi sína á Íslandi árið 2010.

Nú starfa um 140 sérfræðingar og vísindamenn hjá systurfyrirtækjunum Alvogen og Alvotech á Íslandi.

Umsóknarfrestur er til 4. mars næstkomandi og sótt er um starfið á vefnum okkar www.alvogen.is/storf-i-bodi Ef þú hefur spurningar varðandi ráðningaferlið sendu þá tölvupóst á tomas.hrafnsson@alvogen.com

 **Alvogen**
www.alvogen.is



Mannvirkja
stofnun

Mannvirkjastofnun starfar skv. lögum nr. 160/2010. Stofnunin skal tryggja samræmingu á byggingar- og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða í samráði við viðkomandi stjórnvöld og hafa yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum.



Kerfisstjóri

Mannvirkjastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan og öflugan einstakling til starfa í stöðu kerfisstjóra.

Starfssvið

- Annast uppsetningu, viðhald, uppfærslur og rekstur á netþjónum ásamt netumsjón
- Uppsetning og breytingar á vélbúnaði
- Notendaaðstoð
- Rekstur gagnagrunna í GoPro
- Ráðgjöf og samskipti við viðskiptavinum og samstarfsaðila
- Eftirlit með rekstri og bilanagreining
- Kostnaðaráætlanir og innleiðing ferla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði eða sambærilegu
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af GoPro gagnakerfi
- Reynsla af rekstri vefkerfa
- Reynsla af rekstri gagnagrunna
- Reynsla af rekstri netkerfa
- Afburðahæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulipurð
- Sjálfstæði í starfi og geta til að vinna undir álagi



Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars nk.

Sækja skal um störfina rafrænt í gegnum tengil sem má finna á heimasíðu Mannvirkjastofnunar: www.mvs.is og í auglýsingu stofnunarinnar á starfatorg.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála-ráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um störfina.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Alþýðusamband Íslands eru heildarsamtök launafólks. Félagsmenn í ASÍ eru um hundrað og tólf þúsund í fimm landssamböndum og 50 aðildarfélögum um land allt. Þar af eru ríflega 98.000 virkir á vinnumarkaði. Félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ eru starfandi á flestum sviðum samfélagsins, á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um hagsmuni þeirra og réttindi.



Hagfræðingur ASÍ og deildarstjóri hagdeildar

Alþýðusamband Íslands leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að starfa sem hagfræðingur sambandsins, sem jafnframt er deildarstjóri hagdeildar. Staða hagfræðings ASÍ er ein af lykilstöðum á skrifstofu Alþýðusambands Íslands.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Hafa umsjón með og stýra rannsóknnum og veita ráðgjöf á sviði kjara- og efnahagsmála
- Taka þátt í þróun og mótun nýs samningalíkans
- Veita faglega ráðgjöf við gerð kjarasamninga
- Vinna ýmsar úttektir og tillögugerð vegna vinnu samtakanna að velferðar-, skatta-, atvinnu-, verðlags-, vinnumarkaðs- og umhverfismálum
- Koma fram fyrir hönd Alþýðusambandsins bæði í fjölmiðlum og fyrir framan smærri og stærri hópa
- Stýra hagdeild ASÍ

Æskileg menntun og hæfni

- Háskólapróf og/eða framhaldsnám í hagfræði eða viðskiptafræði
- Viðtæk reynsla á sviði rannsókna og ráðgjafar um efnahags- og atvinnumál
- Innsýn og þekking á kjarasamningum, kjaraviðræðum og eðli þeirra er kostur
- Frumkvæði, faglegur metnaður, nákvæmni í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Færni og næmni í mannlegum samskiptum
- Færni í að miðla þekkingu í töluðu og rituðu máli
- Geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi og reynsla af teymisvinnu



Upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk.

Unnið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is





Öldrunarlækningadeild L4 Landakoti

HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

Við leitum eftir kraftmiklum stjórnanda með brennandi áhuga til starfa við öldrunarlækningadeild L4 á Landakoti. Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um málefni hjúkrunar.

Deildin er sjö daga deild og er sérhæfð endurhæfingardeild fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóma. Meginmarkmið meðferðar á deildinni er að auka hæfni einstaklingsins til að takast á við breyttar aðstæður og viðhalda vitrænni og líkamlegri færnei.

Geðsvið

VERKEFNASTJÓRI/ GÆÐASTJÓRI

Laust er til umsóknar starf verkefnastjóra sem sinnir einnig hluta af starfi gæðastjóra á geðsviði. Um er að ræða afleysingastarf til eins árs frá og með 15. mars 2016 eða eftir samkomulagi.

Á geðsviði fer fram meginstarfsemi sérhæfðrar geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Á sviðinu er unnið að stöðugum umbótum og er aðferðafræði straumlinustjórnunar notuð í þeim tilgangi.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;
WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG Á STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heil- brigðisvísindum. A Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Húsvörður

Húsfélagið Dalbraut 18-20
105 Reykjavík auglýsir eftir húsverði.

3ja tíma viðvera virka daga. Áhugasamir sendi inn
skriflega umsóknir til HÚSFÉLAGIÐ, Dalbraut 18-20,
105 Reykjavík fyrir 15. mars nk.

Nánari upplýsingar veittar í síma 691 3686

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

**Umsóknarfrestur er til
og með 1. mars 2016**



Staða sérfræðings á sviði gagnagrunna og hugbúnaðar

Hafrannsóknastofnun leitar eftir starfsmanni til að hafa yfirumsjón með viðhaldi, skipulagningu og uppbygginu gagnagrunna ásamt því að hafa umsjón með hugbúnaði og hugbúnaðarþróun. Starfið er fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, upplýsingatækni eða skyldum greinum
- Þekking og reynsla af Unix/Linux stýrikerfum
- Þekking á almenntri gagnasafnsfræði
- Þekking á Oracle gagnasafnskerfi, SQL og PL/SQL
- Þekking á tölfraeðiforritinu R
- Reynsla af stjórnun hugbúnaðarverkefna æskileg
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu

Um er að ræða fullt starf með starfstöð í Reykjavík. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars n.k.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á póstfangið hafro@hafro.is.

Nánari upplýsingar veitir Björn Æ. Steinarsson (bjorn@hafro.is, sími 5752000, 6918297), forstöðumaður veiðráðgjafarsviðs.

Hafrannsóknastofnun er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 140-150 starfsmenn í þjónustu sinni.



Forstöðumaður skrifstofu fjármála

Staða forstöðumanns skrifstofu fjármála á Sjúkrahúsinu á Akureyri er laus til umsóknar. Um er að ræða 100% stöðu sem veitt er til fimm ára.

Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Skrifstofa fjármála annast bókhald og gerð ársreiknings, launavinnslu, áætlanagerð, kostnaðargreiningu, innheimtu, upplýsinga-gjöf og ýmis önnur verkefni. Undir skrifstofu heyra einnig móttaka og símavarsla sem eru í aðalanddyri sjúkrahússins. Á skrifstofunni starfa 8 starfsmenn við bókhald og launavinnslu og 4 starfsmenn við móttöku og símsvörum.

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Hann gefur nánari upplýsingar í síma 463-0100 og/eða í tölvupósti vignir@sak.is eða audur@sak.is

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á færslu bókhalds, launavinnslu, uppgjörsvinnu, kostnaðargreiningu og uppfærslu vöruhúss gagna.
- Stjórnun á rekstri og daglegri starfsemi skrifstofu fjármála.
- Skipulagning gæða- og þróunarstarfs á skrifstofu fjármála
- Umsjón með áætlanagerð á starfseiningar sjúkrahússins og samskipti við þær.
- Fagleg tengsl og samskipti við aðrar stofnanir og fyrirtæki eftir þörfum.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða hagfræði.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg s.s heilsuhagfræði.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Góð þekking á bókhaldi og uppgjörsvinnu.
- Tölfræðiþekking og greiningarhæfni.
- Þekking á kjaramálum.
- Skipulagshæfileikar og markviss vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun upplýsinga.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags

Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklauss vinnustaður. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt prófskírteinum.

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef sjúkrahússins www.sak.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2016.

Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: Öryggi – samvinna – framsækni. Sjúkrahúsið hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni.

VILT ÞÚ VINNA MEÐ EITT STÆRSTA ÍÞRÓTTAVÖRUMERKI Í HEIMI?

Við leitum að starfsmanni til að taka að sér umsjón með Nike deildum Útilífs í Kringlunni.

Starfið sem um ræðir felur í sér umsjón með dömu-, herra- og barnasvæði Nike hjá Útilíf í Kringlunni. Í starfinu felst m.a. umtalsverð samskipti við viðskiptavinum, uppsetning á Nike svæðum og miðlun sérfræðiþekkingar til viðskiptavina. Viðkomandi mun koma til með að sinna starfi sölufulltrúa Nike fyrir hönd Útilífs og verður starfið því unnið í nánú samstarfi við Nike umboðið á Íslandi þar sem viðkomandi aðili fær víðeigandi þjálfun o.s.frv. þegar slíkt á við.

Hæfniskröfur:

Skipulagshæfni, jákvæðni, frumkvæði, þjónustulund og reynsla sem nýtist í starfið. Áhugi á tísku og íþróttum telst kostur.

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ítarlegri feril-skrá á utilif@utilif.is merkt „þjónustulund“ fyrir 26. febrúar.



ÚTILÍF ER ÖFLUGT SMÁSÖLUFYRIRTÆKI Á SVIÐI ÍÞRÓTTA OG ÚTIVISTAR

Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæði, í Glæsibæ, Kringlunni og Smáralind. Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavinum er í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á liðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins. Lykillinn að velgengni í starfi hjá Útilíf er framúrskarandi þjónustuhæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum. Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum.



ADRIAN YNIR

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

Krefjandi starf við hugbúnaðarþróun

Ríkisskattstjóri er í fararbroddi í innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu og fékk UT-verðlaun SKÝ 2016 fyrir framúrskarandi framlag á sviði upplýsingatækni. Á tæknisviði er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem miða að liprum og öruggum rafrænum samskiptum við almenning og öruggri og hagkvæmri úrvinnslu upplýsinga sem ríkisskattstjóra berast.

Í undirbúningi er innleiðing nýrra upplýsingakerfa og þróun og endurbætur á eldri kerfum. Leitað er að öflugum og jákvæðum einstaklingi til starfa við þau verkefni auk þess að eiga samskipti við samstarfsaðila vegna daglegra verkefna við skattframkvæmd.

Hæfnikröfur

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Góð þekking á upplýsingatæknimálum.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Mjög góð samskiptahæfni.
- Enskukunnátta.
- Þekking og reynsla í forritun (Vefur, JavaScript, C#, Oracle) er kostur.
- Reynsla og hæfni í nútímalegri verkefnastjórnun er kostur.

Frekari upplýsingar

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með **6. mars 2016** og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Nánari upplýsingar um starfið veita Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri í síma 442 1151 og Jens Þór Svansson sviðsstjóri tæknisviðs í síma 442 1239.

Helstu verkefni embættisins eru álagning opinberra gjalda, skatteftirlit og að halda lögbundnar skrár. Að auki er embættinu falið að sinna ýmsum sérverkefnum til lengri eða skemmri tíma, nú síðast leiðréttingu á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána og ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán. Vinnustaðurinn er fjölmennur og dreifist starfsemin á níu starfsstöðvar um landið. Meginstefna ríkisskattstjóra í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Gildi ríkisskattstjóra eru fagmennska, jákvæðni og samvinna.



rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30



Nánari upplýsingar á rsk.is



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Háskólamenntaðir fulltrúar

Utanríkisráðuneytið óskar að ráða háskólamenntaðra fulltrúa til starfa. Háskólamenntaðir fulltrúar sinna störfum sérfræðinga á sínu fagsviði og þeim verksviðum er undir ráðuneytið heyra samkvæmt lögum og reglugerðum, t.d. tvíhliða og marghliða samskiptum við önnur ríki, þróunarsamvinnu, öryggis- og varnarmálum, grannríkjasamstarfi, hnattrænum málefnum, utanríkisviðskiptum, Evrópusamvinnu, borgaraþjónustu og lagamálum.

Helstu verkefni

- Undirbúningur að málum sem til úrlausnar eru í ráðuneytinu
- Upplýsinga- og gagnaöflun, ritun minnisblaða, talpunkta og þess háttar
- Þátttaka í tvíhliða og marghliða samstarfi og samstarfi við stofnanir og ráðuneyti hérlendis

Kröfur til umsækjenda:

- Háskólapróf á meistarastigi í fagi sem nýtist í starfi ráðuneytisins.
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Kunnátta í einu Norðurlandatungumáli, kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.
- Góð tölvukunnátta.
- Frumkvæði, samskiptalipurð og góð framkoma.

Störfin henta vel fólki sem hefur nýlega lokið framhaldsnámi í háskóla eða lýkur slíku námi í sumar. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Starfið er háð flutnings-skyldu í utanríkisþjónustunni skv. 10. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2016.

Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Háskólamenntaðir fulltrúar 2016“. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið. Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvarðanir um ráðningar hafa verið teknar.

Nánari upplýsingar veita Helga Hauksdóttir (helga.hauksdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is).

365 óskar eftir góðu fólki

UMBROTSMAÐUR/GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Umbrotsmann/grafískan hönnuð vantar til starfa á Fréttablaðinu.

Helstu kröfur:

Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á InDesign, Illustrator og Photoshop.

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og undir álagi.

Um vaktavinnu er að ræða.

Áhugasamir sækja um starfið ekki síðar en 1. mars nk.

Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 www.365.is.

Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Freyr Árnason, framleiðslustjóri Fréttablaðsins, sfa@frettabladid.is.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



Auglýsir eftir starfsfólki fyrir sumarið 2016



Hótel Valaskjál, Egilsstöðum

Gestamóttaka

- Lágmarksaldur 18 ár

Þjónustufólk í sal

- Lágmarksaldur 18 ár

Aðstoðar fólk í eldhúsi

Herbergjaþrif



Hótel Hallormsstaður,
Hallormsstaðaskógi

Matreiðslumenn

Aðstoðar fólk í eldhúsi

Gestamóttaka

- Reynsla í þjónustu nauðsynleg,
lágmarksaldur 18 ár

Þjónustufólk í sal

- Reynsla nauðsynleg,
lágmarksaldur 18 ár

Herbergjaþrif

Tekið er á móti umsóknum með
ferilskrá á umsoknir@701hotels.is

Nánari upplýsingar veittar í
tölvupósti og í síma 859 2401



MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

Ölgerðin leitar að öflugum og jákvæðum
meiraprófsbílstjóra í dreifingu.

Ölgerðin rekur 15 bíla dreifikerfi ásamt
úthýstum leiðum.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

- Dreifing og afhending pantana
- Samskipti við viðskiptavinum
- Tilfallandi störf sem tilheyra dreifingu

HÆFNISKRÖFUR

- Aldur 25+
- Hreint sakavottorð
- Meirapróf + trailer-réttindi
- Íslenskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og stundvísi
- Líkamleg hreysti, snyrtimennska og
geta til að vinna undir álagi
- Samviskusemi, þjónustulund og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk.

Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: <http://umsokn.olgerdin.is>



Ölgerðin er eitt
stærsta fyrirtækið
á sínu sviði.
Ölgerðin framleiðir,
flytur inn, dreifir
og selur matvæli
og sérvöru af
ýmsum toga.
Áhersla er lögð
á að vörur
fyrirtækisins séu
fyrsta flokks og
að viðskiptavinir
þess geti gengið
að hágæða
þjónustu vísri.

Sumarstörf

Afgreiðsla í Vínbúðum um land allt

Starfsfólk óskast í sumar, bæði í fullt starf og
hlutastarf um helgar. Starfsmenn í fullu starfi
vinna að jafnaði annan hvern laugardag.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjónusta við viðskiptavinum
- Afgreiðsla, vörumóttaka, umhirða búðar
og fleira sem til fellur

Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund
- Stundvísi og dugnaður
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Vinsamlegast skráið óskir um starf, staðsetningu eða vinnutíma
í reitinn „annað sem þú vilt að komi fram“ í umsókn.

Meiraprófsbílstjóri – Dreifingarmiðstöðin

Dreifingarmiðstöð ÁTVR sér um vörumóttöku frá birgjum og dreifingu
vara í Vínbúðir. Óskað er eftir starfsfólki í fullt starf. Vinnutíminn er
frá kl. 7.30-16.30 alla virka daga. Unnið er laugardaga í júlí.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Útkeyrsla á vörum
- Almenn lagerstörf

Hæfniskröfur

- Meirapróf er nauðsynlegt
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Stundvísi og dugnaður

Lagerstarfsmaður – Dreifingarmiðstöðin

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn lagerstörf
- Móttaka og frágangur á vörusendingum
- Tiltekt og þökkun vörusendinga

Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegum störfum
- Próf á lyftara er kostur
- Stundvísi og dugnaður

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

- Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri
- Sakavottorðs er krafist

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, vinbudin.is

Nánari upplýsingar veitir: Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og
dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu
þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar.
Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé heilsuelfandi og skemmtilegur þar
sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.





Við þurfum að ráða smiði og verkamenn sem hafa reynslu af mótauppslætti.

Áhugasamir hafi samband á non@nonbygg.is



BÓKBINDARI ÓSKAST

Bókbindari eða maður vanur brotvélum og heftingu ásamt annarri almennri bókbandsvinnu óskast sem fyrst.

Upplýsingar gefur Erlingur í síma 563 6009 eða á erlingur@litrof.is



LITRÓF

prentsmiðja

Sími 563 6000 · litrof@litrof.is · www.litrof.is

Borea Adventures á Ísafirði auglýsir eftir starfsmönnum

Ferðaskrifstofa

Við leitum að heilsárs starfsmanni á skrifstofu Borea Adventures. Starfið felst að mestu í samskiptum við aðrar ferðaskrifstofur, setja saman ferðir og gera tilboð. Vera virkur á samfélagsmiðlum fyrirtækisins, greina markaðsgögn og efla samskipti fyrirtækisins út á við.

Skipstjóri á farþegabátnum Bjarnarnesi

Bjarnarnes er 18 farþega bátur sem siglir með farþega um Hornstrandir og Jökulfirði. Við leitum að skipstjóra frá 15. maí - 1. október 2016, með möguleika á heilsársstarfi ef umsækjandi getur farið í önnur störf innan fyrirtækisins.



BOREA ADVENTURES

Borea Adventures er ferða- þjónustufyrirtæki stofnað árið 2006. Helstu áherslur fyrirtækisins eru fjallaskiðuferðir á vorin, styttri og lengri göngu- og kajakferðir á Hornströndum og í Ísafjarðardjúpi á sumrin og allskonar sérferðir um náttúru Vestfirða. Borea tekur einnig kaflifúsið Bræðraborg og farþegabáttinn Bjarnarnes. Við bjóðum upp á skemmtilegt starfsumhverfi sem íðar af lífi frá morgni til kvölds. Laun í samræmi við kjarasamninga, öruggt vinnuumhverfi, ævintýri, gleði og góðan starfsanda. Við leitum að starfsfólki með menntun, reynslu og þekkingu, sem er tilbúin til að gefa af sér, vinna stundum langa vinnudaga, sem á auðvelt með að vinna með öðrum, er samstarfsfúst, hjálpsamt, hraust og glæðlegt. Síðast en ekki síst, finnst gaman að fara út að leika og elskar Vestfirði.

Borea Adventures | Aðalstræti 22b, Ísafjörður | 456 3322 | www.Borea.is | info@borea.is

Starfsmenn óskast

Réttingamaður og cabas tjónamatismaður

óskast til starfa hjá Réttingaverkstæði Jóa.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Umsóknir sendist á tölvupóst gerda@rettjoea.is





SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf. leitar að laghentum framtíðarstarfsmanni í afgreiðslu og þjónustustörf.

Þarf að geta byrjað sem fyrst. Vinnutíminn er mán-fös 08:15-17:30.

Umsóknir sendist á netfangið metta@toyota.is eða larus@skorri.is fyrir 29. febrúar 2016. www.skorri.is



Ertu að leita að starfsmanni?

Margmiðlunarfræðingur leitar eftir starfstækifærum á sviði tölvuleikja- og kvikmyndagerðar.

Diplóma í Margmiðlunarfræði.

Almenn reynsla og kunnátta á forritum á borð við:

Adobe Photoshop | Adobe After Effects
Adobe Premiere | Autodesk Maya
Autodesk Mudbox | Nuke | Unity
Unreal Engine 4

Áhugasamir hafi samband í Síma: 862-4935 | Netfang: gulli500@hotmail.com

Gunnlaugur Arnarson

Akademískar stöður í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði

Tölvunarfræðideild HR auglýsir eftir akademískum starfsmönnum í fullt starf. Leitað er eftir fólki með sérþekkingu í hugbúnaðarverkfræði, gagnagreiningu, tölvuöryggi eða net- og tölvukerfum en framúrskarandi umsækjendur á öllum sviðum tölvunarfræði eru hvattir til að sækja um. Ráðið verður í stöðu lektors, dósentis eða prófessors og verður starfsheitið ákvarðað út frá formlegu hæfismati.

Starfssvið

- Kennsla í grunn- og framhaldsnámi
- Leiðsögn nemenda í grunn- og framhaldsnámi
- Rannsóknir á viðkomandi fræðasviði
- Þátttaka í stjórnsýslu deildarinnar

Hæfniskröfur

- Doktorspróf í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði eða tengdum greinum
- Færni og reynsla af rannsóknarstörfum og öflun rannsóknarstyrkja
- Færni og reynsla af kennslu á háskólastigi sem ber vitnisburð um metnað við kennslu
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Tölvunarfræðideild HR býður upp á nám á grunn- og framhaldsnámsstigi í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði og tölvunarstærðfræði.

Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2016.

Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferlið er að finna á vef Háskólans í Reykjavík radningar.hr.is. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3800 í fjórum deildum og starfa um 250 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is

Epal leitar eftir starfsmanni í Hörpu



100% STARF

Starfs- og ábyrgðasvið

- Yfirumsjón verslunar
- Samskipti við birgja
- Umsjón með útliti verslunar

Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund / samskiptahæfileikar
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Áhugi á hönnun
- Tungumálakunnátta

Vinnutími er 10:00 – 18:00 virka daga og einnig aðra hvora helgi.

Nánari upplýsingar veitir Elísabet Guðmundsdóttir í síma 568-7733

Umsóknir óskast sendar fyrir 24. febrúar, á netfangið: elisabet@epal.is



STARF Í ELDSNEYTISBIRGÐASTÖÐ

Vantar starfsmann í vinnu í eldsneytisbirgðastöð fyrir flugeldsneyti á Keflavíkurflugvelli
Föst vinna á vöktum eftir 5-5-4 kerfi.
Þarf að hafa meirapróf og trailer réttindi.
Hreint sakavottorð er skilyrði.
Upplýsingar veitir Helgi í síma 425 0752 og helgi@eak.is



EAK ehf.
Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland



Kopar leitar að flottu fólki í eftirfarandi stöður

Kopar Restaurant við gömlu höfnina í Reykjavík óskar eftir hressum, duglegum og metnaðarfullum vönum & faglærðum þjónum í hlutastarf.

Peir sem vilja slást í þennan frábæra hóp okkar hér við gömtlu höfnina geta sent okkur línu á koparumsokn@gmail.com



Utánríkisráðuneytið

Bókarar

Tvö störf bókara í ráðuneytinu eru laus til umsóknar.

Bókarar starfa í starfseiningu er heyrir undir rekstrar- og þjónustuskrifstofu ráðuneytisins. Starfið felst í færslu bókhalds fyrir utanríkisþjónustuna og ráðuneytið sjálft.

Kröfur til umsækjenda:


- Stúdentspróf eða sambærileg menntun, bókhalds-menntun er kostur
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum og færslu bókhalds, þekking á notkun Oracle-bókhaldskerfisins er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Staðgóð þekking í íslensku og ensku
- Samskiptalipurð, frumkvæði, færni til að vinna sjálfstætt og góð framkoma

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2016.

Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Bókari, 2016“. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið. Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Helga Hauksdóttir (helga.hauksdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is).



Mannauðsstjóri

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun. Í safninu starfa 80 manns.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laust starf mannauðsstjóra.

Mannauðsstjóri heyrir undir sviðsstjóra rekstrar og upplýsingatækni, en sviðið er stoðsvið fagsviða safnsins. Mannauðsstjóri situr í framkvæmdaráði safnsins og tekur þátt í almennti stefnumótun. Hann ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni mannauðsmála, s.s. starfsþróun og fræðslu, ráðningum, kjaramálum og velferðarmálum, og veitir stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning.

Helstu verkefni

- Náið samstarf við landsbókavörð og sviðsstjóra um mannauðstengd mál
- Ábyrgð á launavinnslu, kjaramálum og framkvæmd stofnanasamninga
- Umsjón með starfsþróun og fræðslu
- Umsjón með ráðningum, starfslýsingum, starfsmati og frammistöðumati
- Umsjón með innri vef og starfsmannahandbók
- Eftirlit með vinnufirlitum, fjarvistum og orlofstöku
- Önnur verkefni sem tengjast innra starfi safnsins

Menntunar– og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði mannauðsmála
- Reynsla af mannauðsstjórnun og helstu verkefnum æskileg
- Þekking á kjarasamningum og reynsla af túlkun þeirra er æskileg
- Reynsla af launavinnslu og Vinnustund er kostur
- Mjög mikil færni í mannlegum samskiptum
- Mikil tölvufærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni í miðlun upplýsinga

Um er að ræða 100% starf. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2016. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður (iss@landsbokasafn.is) og Edda G. Björgvinsdóttir, sviðsstjóri rekstrar og upplýsingatækni (edda@landsbokasafn.is)

Sótt er um starfið rafrænt á vef Landsbókasafns, www.landsbokasafn.is, undir Bókasafnið > Laus störf. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is



Við leitum að rafeinda-virkja eða rafvirkja

Advania óskar eftir að ráða rafeindavirkja eða rafvirkja í framtíðarstarf við Fjarskiptastöðina í Grindavík.

Starfssvið
Í starfinu felst daglegur rekstur á vélbúnaði Fjarskiptastöðvarinnar ásamt bilanagreiningu og útskiptingu bilaðra íhluta. Einnig mun viðkomandi sinna fyrirbyggjandi viðhaldi á búnaði og sjá um almenna umhirðu búnaðar og mælitækja. Unnið er á tvískiptum vöktum og mun viðkomandi ýmist starfa á dag- eða næturvöktum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafeindavirkjun eða rafvirkjun
- Viðtæk starfsreynsla
- Rík þjónustulund og gott viðmót
- Góð enskukunnátta, í ræðu og riti
- Hreint sakavottorð

Tekið er á móti umsóknum á www.advania.is/atvinna. Það verður ráðið í þessa stöðu þegar réttur einstaklingur finnst. Það er því ekki um eiginlegan umsóknarfrest að ræða heldur eru umsækjendur kallaðir inn eftir því sem við á. Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ósk Jakobsdóttir, radningar@advania.is / 440 9000.

Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og svara lausnir fyrirtækisins þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður. Fyrirtækið hefur öfluga jafnréttisstefnu og virka samgöngustefnu. Í Fjarskiptastöð Advania í Grindavík starfa um 15 manns.



advania
Welcome to IT



LOTA

Byggingarverkfræðingur/
byggingartæknifræðingur

Lota auglýsir eftir byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi til starfa hjá fyrirtækinu.

Leitað er að einstaklingi með góða reynslu í hönnun burðarvirkja með þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Helstu verkefni...
eru hönnun burðarvirkja, útboðsgagnagerð og kostnaðaráætlanir.

Rafmagnsverkfræðingur/
rafmagnstæknifræðingur

Lota auglýsir eftir rafmagnsverkfræðing eða rafmagnstæknifræðingi til starfa hjá fyrirtækinu. Leitað er að einstaklingi með reynslu af hönnun rafkerfa stærri bygginga.

Hæfniskröfur...
eru BS, CS eða MS próf frá viðurkenndum háskóla. Góð tölvukunnátta er skilyrði. Umsækjendur verða að hafa að lágmarki 5 ára starfsreynslu. Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði í starfi ásamt reynslu af verkefnastjórnun eru einnig kostir sem við leitum að.

Umsóknarfrestur...
er til og með 10. mars 2016. Senda skal umsóknir ásamt ferilskrá á erlen@lota.is
Öllum umsóknum verður svarað.

LOTA er verkfræði- og ráðgjafarstofa sem varð til við sameiningu VJI og VSI verkfræðistofa. Starfrækt eru fimm starfssvið, mannvirkja-svið, orkusvið, rekstrarsvið, stýrisvið og öryggissvið. LOTA byggir grunn sinn á víðtækri þekkingu og reynslu starfsfólks og hefur að leiðarljósi fagmennsku, öryggi og þjónustulund. Vinnustaðurinn snýst um starfsfólkið og góðan anda. Við leggjum því mikið upp úr að veita eins góðan aðbúnað og andrúmsloft á vinnustaðnum sem auðið er. Okkar einkunarorð eru:
Frjó hugsun, frumkvæði og sköpunarkraftur.

Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

MÓTTÖKURITARI

Domus Medica óskar eftir að ráða móttökuritara í 100% starf (09:00-17:00 virka daga). Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf sem felst m.a. í símsvörun, skráningu tímapantana og móttöku sjúklinga. Við leitum að jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem býr yfir almennri tölvukunnáttu og góðri enskukunnáttu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá fyrir 26. febrúar á tölvupóstfangið **domusmedica@domusmedica.is**



Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd
Launafulltrúi óskast

Hjúkrunarheimilið Skógarbær óskar eftir að ráða metnaðarfullan og sjálfstæðan einstakling í starf launafulltrúa. Helstu verkefni eru umsjón með launabókhalði, útreikningur launa, samskipti við lífeyrissjóði, stéttarfélag og opinbera aðila ásamt öðrum verkefnum tengdum mannauðsmálum.

Óskað er eftir einstaklingi með menntun sem nýtist í starfi, góða þekkingu og reynslu af H-launa kerfi, excel kunnáttu og þekkingu á kjarasamningum. Mikilvægt að viðkomandi hafi góða samskiptahæfileika og þjónustulund, sýni frumkvæði og öguð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar n.k.

**Nánari upplýsingar veitir
Hrefna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri.
Sími 510-2100/896-2024
hrefna@skogar.is**

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn

ASKO
– vi forsyner Norge med mat

ASKO hefur fært Norðmönnum matvörur frá árinu 1866 og telur í dag 3300 starfsmenn. Veltan árið 2016 mun verða yfir 55 milljarðar norskar krónur. ASKO starfrækt 13 útibú víða um Noreg, Frá Lillesand í suðri til Tromsø í norðri.

ASKO Rogland AS er leiðandi heildsölu- og dreifingarfyrirtæki með um 4,5 milljarða veltu árlega.

Markaðurinn eru matvöruverslanir, birgjar, mótuneyti og veitingahús innan svæðissins frá Bømlo í norðri og allt til Moi í suðri. Fyrirtækið sjálft er staðsett í Skurve í Gjesdal (ca 30 mínútur frá Stavanger).

Blundar ævintýraþráin í þér?
Við óskum eftir íslenskum atvinnubílstjórum í sumar!

- Við bjóðum:**
- Örugga vinnu frá 1.júní og út ágúst og jafnvel fasta vinnu eftir sumarið
 - Flug til Noregs (svo fremi sem unnið er út samningstíma)
 - Húsnæði til leigu, í göngufæri við fyrirtækið
 - Aðgang að æfingasal, squashsal og sauna
 - Íslenskan tengilið

- Hæfniskröfur:**
- Ökuréttindaflokkur C og CE (meiraprófið)
 - Vandvirkni, þjónustulipurð og snyrtimennska
 - Reynsla
 - Góð norsku/sænsku/dönsku -kunnátta eða mjög góð enska

- Helstu verkefni:**
- Lestun og losun
 - Dreifing á vörum til viðskiptavina
 - Að vera góður fulltrúi ASKO fyrir viðskiptavini

Nánari upplýsingar veitir Sigrid Thors í síma 0047 95 55 17 17

Áhugasamir sendi stutta ferilskrá ásamt nöfnum og síma-númerum til meðmælenda til: sigrid.thors@asko.no



UN bókhalð ehf óskar eftir að ráða bókara í 50% starf

Hæfniskröfur:
Reynsla af bókhaldsstörfum
Þekking á DK bókhaldskerfi kostur
Exelkunnátta kostur

Umsóknarfrestur er til og með **28. febrúar n.k.**
Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið
unbokhald@unbokhald.is

Íþróttakennara vantar á Vopnafjörð

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir
íþróttakennara fyrir skólaárið,
2016-2017.

Skólinn er heilsueflandi grunn-
skóli og er með fleiri íþróttatíma en
ætlast er til. Við skólann er ágætt
íþróttahús með heilsurækt. Einherji,
íþróttafélag, heldur uppi öflugu íþróttastarfi í byggðar-
laginu og góðir möguleikar eru á íþrótt- og einkaþjálfun
samhliða íþróttakennslunni
Flutningsstyrkur og húsnæðishlunnindi eru í boði.

Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 8614256,
adalbjorn@vopnaskoli.is og aðstoðarskólastjóri
í síma 8489768, sirra@vopnaskoli.is

Vopnafjarðarhreppur



Sumar í Strætó

**Finnst þér gaman að keyra stóra bíla og taka á móti fjölbreyttum hópi farþega?
Þá er þetta starfið fyrir þig.**

Strætó bs. óskar eftir þjónustuliprum og ábyrgum einstaklingum til sumarstarfa.
Starfið felst í akstri strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu og þjónustu við viðskiptavinum.
Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Aukin ökuréttindi (D-próf) og hreint sakavottorð
- Góð samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslensku- og/eða enskukunnátta er æskileg

Starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Strætó bs. og Starfsmannafélags
Reykjavíkurborgar.

Umsóknir skulu fylltar út og sendar inn á **strætó.is**
Umsóknarfrestur er til og með **31. mars 2016**

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið

Sumarstarf í mötuneyti

Vilt þú vinna í metnaðarfullu mötuneyti?

OR leitar að matreiðslumönnum til sumarstarfa. Annars vegar er um að
ræða starf frá 1. maí út ágúst mánuð - hins vegar frá 15. maí út ágúst
mánuð.

Ef þú vilt vinna með faglegu og skemmtilegu fólki í góðu starfsumhverfi þá
hvetjum við þig að sækja um. Helstu verkefni eru matreiðsla og
undirbúningur á hádegisverði ásamt öðrum verkefnum.

Við hvetjum jafnt karla sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Benedikt Jónsson, yfirmatreiðslumeistari í
síma 617 6741. Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningavef
OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með **7. mars 2016.**



OR er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður fólks með
mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu
röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika
til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.



Orkuveita Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími • Tel. +354 516 6100 • www.or.is

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Leikskólakennari í leikskólann Baug
- Leikskólakennari í leikskólann Grænátún

Grunnskólar

- Skólaliði í dægradvöl í Kópavogsskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Vissir þú að...

þú hefur rétt á vernd gegn einskis.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Viltu vinna með okkur í sumar?

Sumarstarfsfólk óskast til starfa á Hrafnistu Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi og í Reykjanesbæ.

Á Hrafnistuheimilunum starfa um 1.000 manns og algengt að sama sumarstarfsfólkið komi til starfa ár eftir ár. Einnig er talsvert um að ungt fólk hefji störf í sumarafleysingum og vinni með skóla á veturna og fari síðan í heilbrigðistengt nám.

Á Hrafnistuheimilunum er boðið upp á heimilislegt umhverfi og góðan starfsanda auk þess sem lögð er áhersla á faglega þjónustu við heimilisfólkið. Starfsfólki gefst þar ómetanlegt tækifæri til að afla sér reynslu og kynnast starfi á sviði öldrunar.

Einnig gefst hjúkrunar-, lækna- og sjúkraliðanemum þar kostur á að nýta þær kenningar og starfsaðferðir sem þeir hafa lært í náminu og með því lagt sitt af mörkum til að auka lífsgæði heimilismanna og efla starf Hrafnistuheimilanna.

Hæfniskröfur:

- Góð færni í samskiptum
- Sjálfstæði og stundvísi
- Jákvæðni og metnaður í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- 18 ára aldurstakmark

Óskum eftir að ráða í sumar í afleysingar fyrir:

- Hjúkrunarfræðinga
- Aðstoðarlækni
- Sjúkraliða
- Starfsfólk í umönnun
- Starfsfólk í félagsstarfi/löjubjálfun
- Starfsfólk í borðsal og eldhús
- Starfsfólk í ræstingu

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars nk. Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hrafnistu, www.hrafnista.is og heimasíðu Talent ráðningar & ráðgjöf, www.talent.is



HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfirður
Kópavogur | Reykjanesbær



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi á skrifstofu heilbrigðisþjónustu.

Skrifstofa heilbrigðisþjónustu annast verk efni sem varða skipulag heilbrigðisþjónustu, sérhæfingu og verkaskiptingu þjónustuaðila. Einnig eru á hennar sviði sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla, heilbrigðisþjónusta utan stofnana, hjúkrunar- og dvalarheimili, læknisfræðileg endurhæfing og sjúkratryggingar.

Starfið felst meðal annars í að fylgja eftir uppbyggingu nýrra hjúkrunarheimila þar með talið undirbúning áætlunargerðar og eftirfylgni vegna framkvæmda við hjúkrunarheimili. Í starfinu felast einnig samskipti við framkvæmda-, eftirlits- og rekstraraðila hjúkrunarheimila auk annarra verkefna sem falla undir málefnasviðið.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði, byggingatækni- og öðrum sambærileg menntun.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking á sviði áætlanagerðar, stefnumótunar og markmiðasetningar.
- Þekking á greiningarvinnu og kunnátta í að miðla upplýsingum með skýrum hætti.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, auk hæfni til að taka virkan þátt í teymisvinnu.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku, önnur tungu málakunnátta er kostur.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Upplýsingar um starfið veita Vilborg Ingólfsdóttir skrifstofustjóri (vilborg.ingolfsdottir@vel.is) og Guðrún Sigurjónsdóttir sérfræðingur (gu-drun.sigurjonsdottir@vel.is) í síma 545 8100. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla, jafnt sem konur, til að sækja um starfið.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík eða í tölvupósti á postfangid@vel.is eigi síðar en 6. mars næst komandi. Ráðið verður í starfið til 18 mánaða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Velferðarráðuneytinu, 6. febrúar 2016.



Traust veitukerfi bætir lífið

Vilt þú vinna í hópi
sem færir fólki hita,
rafmagn og vatn?

Við leitum að kröftugum
starfsmanni í fjölbreytt verk
í lagnakerfum hitaveitu,
vatnsveitu og rafveitu.

Við leitum að starfskrafti sem er:

- Jákvæður og lipur í samskiptum
- Vandvirkur, röskur og úrræðagóður
- Hefur ánægju af útivinnu í öllum veðrum
- Réttindi á vinnuvélar eru kostur

Eingöngu er tekið á móti umsóknum
á ráðningavef Veitna, starf.or.is/veitur/
þar sem nánari upplýsingar um starfið
er að finna. Nánari upplýsingar veitir
Bjarni Líndal Snorrason, netfang
bjarnis@veitur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar
2016. Æskilegt að viðkomandi geti hafið
störf sem fyrst.

Bæði konur og karlar eru hvött til að
sækja um starfið.

Veitur eru fjölbreyttur og lífandi vinnustaður
fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast
við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi,
vinnuumhverfi og möguleika til að samræma
vinnu og fjölskylduábyrgð.



Jafnlaunauktekt
PwC
2015



JAFNRÉTTISRÁÐ

Veitur eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur og sér
um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu
á þjónustusvæði fyrirtækisins.



Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
516 6000 • veitur.is

Spennandi störf á góðum vinnustað

Ríkisskattstjóri er í fararbroddi í innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu og fékk UT-verðlaun SKÝ 2016 fyrir framúrskarandi framlag á sviði upplýsingatækni. Helstu verkefni embættisins eru álagning opinberra gjalda, skatteftirlit og að halda lögbundnar skrár. Að auki er embættinu falið að sinna ýmsum sérverkefnum til lengri eða skemmri tíma, nú síðast leiðréttingu á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána og ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán.

Vinnustaðurinn er fjölmennur og dreifist starfsemin á níu starfsstöðvar um landið. Meginstefna ríkisskattstjóra í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli.

Bókari - Reykjavík

Bókari hefur umsjón með bókhaldi ríkisskattstjóra, en stofnunin notar Oracle viðskiptahugbúnað. Helstu verkefni eru bókun reikninga sem og uppgjör og afstemmingar ýmis konar tengd bókhaldi. Þá sér bókari um móttöku og úrvinnslu reikninga sem berast, bæði á pappír og rafrænt. Ennfremur hefur hann samskipti við aðrar stofnanir og viðskiptavinum varðandi bókhald og sinnir ýmsum minni verkefnum sem upp koma í daglegum rekstri.

Hæfnikröfur

- Menntun í viðskiptafræði eða viðurkenning frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem viðurkenndur bókari.
- Reynsla af færslu viðamikils bókhalds og afstemmingum.
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð ásamt hæfileika og getu til að vinna hratt og vel undir álagi.
- Góð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.
- Góð tölvukunnátta og færni í helstu notendaforritum.

Skatteftirlit - Reykjavík

Öflugur og jákvæður einstaklingur hefur nú tækifæri til að ganga til liðs við eftirlitssvið ríkisskattstjóra. Starfið felst í að yfirfara gögn og upplýsingar um skattskil lögaðila og einstaklinga í þeim tilgangi að greina mögulegt umfang vantalinna skattstofna, ásamt því að endurákvæða opinber gjöld ef það á við.

Hæfnikröfur

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. á sviði viðskiptafræði eða lögfræði.
- Þekking á reikningsskilum, málsmeðferðarreglum og almennri skattframkvæmd æskileg.
- Ensukunnátta. Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Einstaklingssvið - Egilsstaðir

Á starfsstöð ríkisskattstjóra á Egilsstöðum er unnið við verkefni tengd álagningu einstaklinga. Nú er tækifæri fyrir metnaðarfullan og kraftmikinn einstakling að slást í hópinn en um fjölbreytt verkefni er að ræða er tengjast m.a. álagningu skatta, yfirferð gagna, upplýsingagjöf um skattamál ásamt öðru er tengist skattskilum einstaklinga og nærþjónustu.

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Fáguð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð ásamt hæfileika og getu til að vinna undir álagi.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.
- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli.
- Ensukunnátta. Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Gildi ríkisskattstjóra eru fagmennska, jákvæðni og samvinna.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2016 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar. Nánari upplýsingar um störfinn veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir í síma 442 1151.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

 rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30



Nánari upplýsingar á rsk.is

samskip



> Sumarstörf á athafnasvæði Samskipa

Samskip óska eftir kraftmiklu sumarstarfsfólki í fjölbreytt störf á öflugum vinnustað, sem mun skila starfsmönnum lærdómsríkri reynslu sem nýtist til framtíðar.

Störfin eru í vöruhúsum okkar, í frystivörugeymslu, á bílavelli, skipaafgreiðslu og störf bílstjóra í akstur flutningabíla.

Sumarstarfsmenn þurfa að geta unnið samfellt í a.m.k.tvo og hálfan mánuð.

Starfsmenn Samskipa þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná framúrskarandi árangri.

- Gerð er krafa um sterka öryggisvitund, góða ástundun og samviskusemi
- Starfsmenn skulu búa yfir lipurð í þjónustu og samskiptum
- Starfsmenn verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá

Áhugasamir, konur jafnt sem karlar, eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. **Athugið** að starf bílstjóra krefst meiraprófs og ADR réttindi eru kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2016

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar www.samskip.is og óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hóp starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

Join us in solving the airline industry's biggest data challenges!



Project Manager in IT

Sabre® Iceland is looking for an experienced IT Project manager to join our team. Your main responsibilities will be to manage and drive customer delivery projects of our flagship product Sabre Intelligence Exchange™ to many of the leading airlines around the world. Sabre Intelligence Exchange is the airline industry's first and only real-time data integration and analytics platform. The platform serves as the IT foundation to over 50 airlines around the world, to build innovative apps and optimize their business.

QUALIFICATIONS

- The ability to handle multiple projects in parallel
- Experience with managing projects with global teams
- Skilled at managing operational type projects
- Strong communication skills in English
- BSc/MSc degree in project management, engineering or computer science
- Certification in IPMA/PRINCE/PMP/SCRUM is preferable
- +2-3 years' experience in managing projects

RESPONSIBILITIES

- Project management and execution of IT projects from initiation through to delivery
- Plan and manage project schedules and budget
- Risk management and reporting to senior management
- Facilitate any activities necessary to ensure project completion
- Work with managers to verify project progress, monitor resource allocation and remove bottlenecks/obstacles

Applications should be sent to rek.info@sabre.com by March 7, 2016

Visit our website at www.sabre.com to learn more about our company. We take pride in providing a work environment that fosters innovation, collaboration, healthy work-life balance and a start-up culture.

Sabre®

Vesturhlíð 7, 105 Reykjavík Tel. +354 525 9100
sabreairlinesolutions.com

Fjallsárlón ehf. óskar eftir starfsfólki

Sígt er með ferðamenn um Fjallsárlón í Örafum. Siglarar óskast. Einnig fólk í afgreiðslustörf þ.m.t. vegna veitingastarfsems. Gisting í boði.

Umsókn óskast send á info@fjallsarlon.is. S: 666 8006



Salt Café & Bistro,
Egilsstöðum

Sumarstörf 2016

Matreiðslumenn

Uppvask

Aðstoðarfólk í eldhús

Þjónusta í sal

- Lágmarksaldur 18 ár

Tekið er á móti umsóknum með ferilskrá á salt@701hotels.is

Nánari upplýsingar veittar í tölvupósti og í síma 859-2403



B L A N D

Snillingur óskast á gott heimili!

Bland.is leitar að metnaðarfullum og söludrifnum snillingi til starfa. Hjá Bland starfar samhentur hópur með það að markmiði að búa til framúrskarandi markaðstorg sem tengir saman kaupendur og seljendur og veita notendum einstaka þjónustu. Bland.is er stærsta íslenska markaðstorgið á netinu með að jafnaði 150.000 notendur í viku hverri.

Við leitum að framúrskarandi viðskiptastjóra sem mun bera ábyrgð á þjónustu við viðskiptavinum Blands á fyrirtækjamarkaði og mun taka þátt í að móta framtíð fyrirtækisins. Starfið felur í sér sölu, kynningu og þarfagreiningu fyrir fyrirtæki ásamt samningsgerð, ráðgjöf og eftirfylgni. Einnig mun viðskiptastjóri sjá um að viðhalda viðskiptatengslum og afla nýrra.

Menntun og reynsla

- Háskólapróf sem nýtist í starfi æskilegt
- Reynsla af sölu og ráðgjöf æskileg
- Þekking á íslensku viðskiptalífi skilyrði
- Þekking á helstu hugtökum markaðssetningar á internetinu

Mikilvægir eiginleikar

- Kraftur og frumkvæði
- Rík þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Geta unnið í hóp
- Markmiðasetning og þora að hugsa út fyrir rammann

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um. Frekari upplýsingar um starfið veitir Gísli Jónsson, rekstrarstjóri Blands. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál

Umsóknir sendist til gisli@bland.is





GER
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili
Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma
óskar eftir bílstjórum og lagerstarfsmönnum:

Bílstjóra- og lagerstörf 100% VINNA

Hægt er að hefja störf strax.

Umsóknir ásamt upplýsingum
um umsækjanda sendist á netfangið

vinna@ger.is

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg
fylgigögn. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Öllum umsóknum svarað.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**



DORMA
Láttu drauminn rætast

Staða sérfræðings hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Innanríkisráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Helstu verkefni og ábyrgð

Útreikningur framlaga sjóðsins ásamt öðrum verkefnum á málefnasviði sjóðsins og skrifstofu mannréttinda og sveitarfélaga.

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða hagfræði eða sambærilegt
- Framhaldsmenntun á líkum sviðum
- Góð þekking á málefnum sveitarfélaga æskileg
- Góð reynsla af vinnu með fjárhagsupplýsingar
- Mjög góð kunnátta í excel bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga og gerð líkana
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í framsetningu upplýsinga
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp
- Þjónustulund, jákvæðni og góð hæfni í samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknum skal skila rafrænt á vef ráðuneytisins, innanríkisraduneyti.is, undir *Laus störf*. Ef ekki eru tæk á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er framlengdur til og með 22. febrúar 2016.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Geir Einarsson
gudni.g.einarsson@irr.is.

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545 9000



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Forstöðumaður

Vilt þú leiða öflugan hóp sem veitir fólki hita, rafmagn, vatn og fráveitu?

Við leitum að leiðtoga með frumkvæði og þjónustulund til að fara fyrir hópi reynslumikilla starfsmanna í rekstri veitukerfa. Forstöðumaður rekstrar er hluti af stjórnendateymi Veitna og ber ábyrgð á daglegum rekstri einingarinnar.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri veitukerfa
- Ábyrgð á áætlanagerð
- Framfylgd stefnu og framtíðarsýnar

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf úr tæknigreinum s.s. verk- eða tæknifræði
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af rekstri
- Þekking á orku- og veitukerfum kostur

Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningavef Veitna, starf.or.is/veitur/ þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. **Nánari upplýsingar** veitir Bryndís Ernsts dóttir mannauðsráðgjafi, netfang starf@veitur.is. **Umsóknarfrestur** er til og með 29. febrúar 2016.

Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um.

Veitur eru fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2015



JAFNRÉTTISRÁÐ



VEITUR

Veitur eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur og sér um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustuvæði fyrirtækisins.

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • 516 6000 • veitur.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Upplýsinga- og alþjóðafulltrúi	Ríkisendurskoðun	Reykjavík	201602/274
Sérfræðingur	Hafrannsóknarstofnun	Reykjavík	201602/273
Sérfræðingur	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201602/272
Hjúkrunarfræðingur	LSH, vísindarannsóknin SENATOR	Reykjavík	201602/271
Verkefnastjóri/gæðastjóri	LSH, geðsvið	Reykjavík	201602/270
Forstöðumaður skrifstofu fjármála	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201602/269
Lögreglumenn, sumarafleysing	Lögreglustjórinn á Suðurlandi	Suðurland	201602/268
Bókari	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201602/267
Sérfræðingur	Ríkisskattstjóri	Egilsstaðir	201602/266
Sérfræðingur, skattaeftirlit	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201602/265
Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201602/264
Hjúkrunarfr. og sjúkral., sumarafl.	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðb.svæðið	201602/263
Starfsm. í mótuneyti, sumarafl.	Landgræðsla ríkisins	Gunnarsholt	201602/262
Verkefnisstjóri	HÍ, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201602/261
Dósent í öldrunarhjúkrun	HÍ, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201602/260
Aðstoðarmatráður	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201602/259
Aðstoðarmatráður/aðst.maður	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201602/258
Sjúkraliðar	LSH, endurhæfingardeild aldraðra	Reykjavík	201602/257
Hjúkrunarfræðingar	LSH, endurhæfingardeild aldraðra	Reykjavík	201602/256
Læknar í starfsnám	LSH, bæklunarskurðeild	Reykjavík	201602/255
Hjúkrunardeildarstjóri	LSH, öldrunarlækningadeild	Reykjavík	201602/254
Skjalavörður - ritari	Ríkisendurskoðun	Reykjavík	201602/253
Fangaverðir, sumarafleysing	Fangelsismálastofnun	Eyrarbakki	201602/252
Kerfisstjóri	Mannvirkjastofnun	Reykjavík	201602/251
Sérfræðingur í lyflækningum	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Vestm.eyjar	201602/250
Sérfræðingur í lyflækningum	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201602/249
Sérfræðilæknir í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201602/248
Yfirtalmeinafræðingur	LSH, talmeinaþjónusta	Reykjavík	201602/247
Hjúkrunarfræðingur	LSH, Heimahlynning	Reykjavík	201602/246
Hjúkr.fræðingur í útskriftarteymi	LSH, flæðisdeild	Reykjavík	201602/245
Læknanemar, sumarstörf	LSH, röntgendeild	Reykjavík	201602/244
Sjúkraliði	LSH, birgðastöð	Reykjavík	201602/243
Sérfr., stefnumótun og fjármál	Utanríkisráðuneytið	Reykjavík	201602/242
Stjórnarráðsfulltrúi	Utanríkisráðuneytið	Reykjavík	201602/241
Verkefnastjóri	HÍ, Læknadeild	Reykjavík	201602/240
Verkefnastjóri	HÍ, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201602/239
Verkefnastjóri	HÍ, Hjúkrunarfræðideild	Reykjavík	201602/238
Sjúkraliði, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201602/237
Starfsm. í aðhlynningu, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201602/236
Hjúkrunarnemar, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201602/235
Sjúkraliði, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201602/234
Hjúkrunarfræðingur, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201602/233
Starfsmaður, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201602/232
Starfsmaður í eldhús, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201602/231



JÓN & ÓSKAR

Laugavegur / Smáralind / Kringlan

Elskar þú skartgripi og úr?

Við hjá Jóni og Óskari erum að leita að starfsfólki í úra- og skartgripaverslunum okkar.

Í boði er:

- Hlutastarf með dag- og/eða helgarvöktum
- Vinna í líflegu umhverfi með skemmtilega vöru

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund
- Góð samskiptahæfni
- Heiðarleiki í starfi
- Samviskusemi
- Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg

Jón og Óskar er ein stærsta og glæsilegasta úra- og skartgripaverslun landsins og rekur verslanir við Laugaveg, í Smáralind og Kringlunni. Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið info@jonogoskar.is fyrir 29. febrúar.



Fjármálastjóri
Íþróttafélag Reykjavíkur

Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) auglýsir eftir fjármálastjóra. Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar n.k. Umsóknir berist á netfangið ir@ir.is eða í ÍR-heimilið Skógarseli 12, 109 Reykjavík merktar „fjármálastjóri“.

Meginhlutverk fjármálastjóra ÍR:

- Umsjón og skipulag fjármála aðalstjórnar ÍR og deilda þess.
- Eftirlit, þjónusta og leiðbeiningar með fjármálum deilda ÍR.
- Umsjón með færslu bókhalds félagsins og deilda þess.
- Launaútreikningar og útborgun launa.
- Gerð ársreikninga fyrir aðalstjórn félagsins og deildir þess.
- Áætlanagerð og samningagerð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á bókhaldskerfinu Dynamics NAV.
- Þekking á fjármálaumsjón fyrir deildaskipt íþróttafélag.
- Framúrskarandi hæfileikar í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af þátttöku í félagsstarfi.
- Metnaður til að ná árangri.

Nánari upplýsingar:
Þráinn Hafsteinsson íþróttastjóri ÍR í síma 863 1700, 587-7080 eða með tölvupósti thrainn@ir.is
ÍR-heimilið, Skógarseli 12, 109 Reykjavík

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



4 dagar í viku fyrir hádegi



- Úrvals vinnuaðstaða
- Skemmtileg verkefni
- Líflegt fyrirtæki

Ef þú hefur áhuga á:

- Tollun og verðútreikningum
- Eftirfylgni og skipulagi á skjölum

þá vil ég heyra frá þér magnusson@katla.is

Katla matvælaíðja ehf. | Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Iceland | www.katla.is

Sjúkraliði óskast á Eirhamra



**Sjúkraliði óskast til starfa við heimahjúkrun í
öryggisíbúðum Eirhamra.**

Nánari upplýsingar veita:

Kristjana Gígja deildarstjóri í síma 897 7054 eða 860 7400
og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma 522 5700.
Umsóknir má einnig senda rafrænt á kristjana@eir.is
og edda@eir.is



Eir hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími 522 5700



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða ráðgjafa á sviði máls og læsis

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir laus til umsóknar störf þriggja ráðgjafa á sviði máls og læsis. Ráðgjafarnir munu starfa í nýju þekkingarteymi, Miðju máls og læsis, sem mun heyra undir skóla- og frístundasvið og taka þátt í að móta og þróa starfseminu. Hlutverk Miðju máls og læsis er að veita ráðgjöf um þróun faglegra starfshátta til að stuðla að hvetjandi mál- og læsisumhverfi fyrir börn í leikskólum, grunnskólum og í frístundamiðstöðum. Ráðgjafarnir munu einnig skipuleggja símenntun á sviði máls og læsis fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi.

Stofnun Miðju máls og læsis er liður í innleiðingu tillagna Fagráðs um eflingu málþroska, lestrarhæfni og lesskilnings í leik- og grunnskólum og er einn af áherslupáttum skóla- og frístundasviðs.

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita. Næsti yfirmaður ráðgjafa er skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Taka þátt í að móta og þróa þekkingarteymi um mál og læsi.
- Veita starfsfólki í skóla- og frístundastarfi ráðgjöf og stuðning við að þróa markviss vinnubrögð til að efla málþroska og læsi barna.
- Veita ráðgjöf um virkt tvítýngi, kennslu í íslensku sem öðru máli og málþroska- og lestrarvanda.
- Skipuleggja og annast fræðslu fyrir starfsfólk um mál og læsi.
- Skipuleggja og annast fræðslu fyrir foreldra í samstarfi við starfsfólk í skóla- og frístundastafi.
- Samstarf við sérfræðipjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum.

Hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari og/eða grunnskólakennari eða háskólapróf á sviði málþroska og læsis.
- Háskólamenntun á framhaldsstigi æskileg.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum í leik- eða grunnskóla æskileg.
- Reynsla af verkefnum varðandi mál og læsi.
- Reynsla af ráðgjöf við leikskóla, grunnskóla eða frístundastarf æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um þekkingu og reynslu af vinnu með mál og læsi, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf leikskólakennara og /eða grunnskólakennara ef við á, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt eða tekið þátt í og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2016 en um er að ræða tímabundið starf til tveggja ára. Umsóknarfrestur er til **13. mars nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dröfn Rafnsdóttir, verkefnastjóri, og Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, í síma 411 1111. **Netföng:** drofn.rafnisdottir@reykjavik.is / gudlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til marga ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is




Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is



ÍSLENSKA STA.TS.IS ICE 78466 02/16

SÖLUSTJÓRI

ITS, tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli, leitar að öflugum liðsmanni til að starfa í varahlutadeild fyrirtæksins.

STARFSSVIÐ:

- Sala og innkaup varahluta
- Tilboðsgerð
- Greining viðskiptatækifæra
- Þjónusta við erlenda viðskiptavinum

HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á flugstarfsemi
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Lögð er rík áhersla á sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Við leitum að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og geta unnið sem hluti af heild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi.

Nánari upplýsingar veita:

Einar Már Guðmundsson | einarmg@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir, ásamt ferilskrá, óskast fylltar út eigi síðar en 25. febrúar 2016 á vefsíðunni: www.icelandair.is/umsokn



BIRK FLIGHT SERVICES

Sumarstörf hjá Flugþjónustunni

Meiraprófsbílstjóri

Bílstjóri með CE réttindi óskast við áfyllingar flugvéla á Reykjavíkurlugvelli. ADR réttindi eru kostur.

Afgreiðsla einkavéla

Starfsmaður óskast í afgreiðslu einkavéla með tilfallandi verkefnum á Reykjavíkurlugvelli. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu úr flugi og geti byrjað í þjálfun sem fyrst.

Umsóknarfrestur til og með 1.mars
Ferilskrá sendist á: jobs@birk.is



SPENNANDI STÖRF Í STJÓRNSÝSLU HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

Nánari upplýsingar um störfina er að finna á hi.is/laus_storf



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

Ölgerðin leitar að öflugum og jákvæðum meiraprófsbílstjóra í dreifingu.

Ölgerðin rekur 15 bíla dreifikerfi ásamt úthýstum leiðum.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

- Dreifing og afhending pantana
- Samskipti við viðskiptavinum
- Tilfallandi störf sem tilheyra dreifingu

HÆFNISKRÖFUR

- Aldur 25+
- Hreint sakavottorð
- Meirapróf + trailer-réttindi
- Íslenskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og stundvísi
- Líkamleg hreysti, snyrtimennska og geta til að vinna undir álagi
- Samviskusemi, þjónustulund og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk.
Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: <http://umsokn.olgerdin.is>



Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísi.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Hofsstaðaskóli

- Myndmenntakennari

Leikskólinn Holtakot

- Leikskólakennari eða starfsmaður með aðra uppeldismenntun

Ísafold

- Hlutastörf í aðhlynningu og félagsstarfi
- Hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarnemar, sjúkraliðar og starfsmenn í aðhlynningu óskast til sumarstarfa

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar á www.gardabaer.is.



GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARÐABÆR.IS

Innflutningsfyrirtæki/heildsala

leitar að starfsmanni í lager- og sölustörf, útkeyrslu og áfyllingu í verslanir. Leitað er að áreiðanlegum og duglegum einstaklingi sem jafnframt býr yfir góðri íslensku/ enskukunnáttu, almennri tölvufærni og stundvísi. Ökuréttindi nauðsynleg. Umsóknir/ferilskrá sendist á netfangið matvorur@gmail.com

Fullbúin hársnyrtistofa til leigu/sölu

Til leigu/sölu er húsnæði og rekstur Hársnyrtistofunnar Kamillu í Garði.

Húsnæðið er um 60fm að stærð.

Einnig kemur til greina að leigja stól á stofunni.

Uppl. í síma 699-7145 eða 825-7827.

Til sölu:

Eignir og rekstur þvottastöðvar

Skiptastjóri þrotabús Bónax ehf. auglýsir hér með til sölu allar eignir og rekstur félagsins að Splass þvottastöðinni að Hagasmára 2 í Kópavogi.

Nánari upplýsingar veitir Bjarki Þór Sveinsson í gegnum tölvupóstfangið bjarki@msr.is eða í síma 571-5400.

Tilboð skulu berast í gegnum netfangið fyrir kl. 12:00 föstudaginn 26. febrúar



HÚNAÞING VESTRA

Lagning Ljósleiðara í Húnaþingi vestra

Beiðni um upplýsingar (RFI)

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Húnaþingi vestra, sem veita á öruggt netsamband í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögbýli í sveitarfélaginu, og að eigendum frístundahúsa og fyrirtækja standi til boða að tengjast ljósleiðara.

Gert er ráð fyrir að öllum þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn gjaldi.

Auglýst er eftir:

A. Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu á í Húnaþingi vestra á næstu þremur árum.

Eða:

B. Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér og byggja upp ljósleiðaratengingu með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A hér að ofan.

Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa og raunhæfa verkáætlun.

Áhugasamir aðilar skulu senda tilkynningu til Húnaþings vestra á netfangið skrifstofa@hunathing.is fyrir kl. 12:00 þann 11. mars.2016. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið gudny@hunathing.is

Áhugakönnun þessi er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir Húnaþing vestra né þá sem sýna verkefninu áhuga.

Sveitarstjóri

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Viðbygging Sundhöll Reykjavíkur – Pípulagnir,** útboð nr. 13642.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

20254 Transformers

Ríkiskaup on behalf of Isavia ohf, requests tenders for the supply of Transformers for Keflavik International Airport.

The Transformers consists of:

- Three (3) 1600 kVA 11/0.42 kV, Dyn11, oil-immersed, sealed tank transformers, with off-load tap changers ±2 x 2,5%.
- Six (6) 500 kVA 11/0.42 kV, Dyn11, oil-immersed, sealed tank transformers, with off-load tap changers ±2 x 2,5 %.

Further information can be found in the Tender documents that will be available at www.rikiskaup.is no later than 24th of February 2016.

Opening of tenders/deadline for submitting tenders will be at Ríkiskaup, Borgartun 7c, 105 Reykjavík, 17th of March 2016 at 11:00.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



J.E. SKJANNI
VIÐ BYGGJUM TIL FRAMTÍÐAR BYGGINGAVERKTAKAR

Útboð

Málun

Vefarastræti 8 – 14 og Vefarastræti 16 - 22



J.E. Skjanni byggingaverktakar ehf. óska eftir tilboðum í málun, í verkið Vefarastræti 8 – 14 og Vefarastræti 16 – 22 í Mosfellsbæ.

Verkið skal vinnast á tímabilinu september 2016 – október 2017.

Útboðsgögn eru tilbúin til afhendingar frá og með mánudaginum 22. febrúar. Tengiliður Sævar Þorbjörns-son, sími 692 9867 og netfang saevar@skjanni.is

Tilboð verða opnuð fimmtudaginn 3. mars, kl. 13:00 hjá J.E. Skjanna byggingaverktökum ehf. Stórhöfða 25, 110 Reykjavík.

Útboðsþing

Verklegar framkvæmdir 2016

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

Föstudaginn 26. febrúar kl. 13.00 – 16.40

Kynntar verða fyrirhugaðar framkvæmdir allra helstu opinberra framkvæmdaáðila

Skráning á www.si.is



TIL SÖLU

Tilboð óskast í fasteignina Hringbraut 48, 2. hæð, Reykjavík.



20134 - Hringbraut 48, 2. hæð.
Um er að ræða 4. – 5. herbergja íbúð í fjórbýlishúsi, samtals 142,5 m², byggð árið 1937.
Brunabótamat er kr. 30.350.000,- og fasteignamat er kr. 41.400.000,- skv. Þjóðskrá Íslands – fasteignaskrá.

Íbúðin skiptist í gang, stofu í tveimur hlutum sem hægt er að loka á milli, þrjú herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara er 25,2 m² herbergi. Ekki er full lofthæð í kjallara. Íbúðin þarfnast þó nokkurrar endurnýjunar og komið er að viðhaldi á eigninni allri. Eigandi þekkir ekki vel til ástands eignarinnar og mikilvægt er að bjóðendur kynni sér ástand hennar. Staðsetning er mjög góð, stutt frá miðbæ Reykjavíkur.

Húseignin er til sýnis þriðjudaginn 23. febrúar milli kl. 11 og 13 og fimmtudaginn 25. febrúar milli kl. 12 og 14.

Nánari upplýsingar fást hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík í síma 530 1400. Tilboðseyðublað liggjá frammi á sama stað ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði. Gögnin eru einnig aðgengileg á vef Ríkiskaupa <http://www.rikiskaup.is>

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10.00 þann 8. mars 2015 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Auglýsir framboðsfrest

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar hluta stjórnar félagsins fyrir kjörtímabilið 2016-2018.

Tillögur skulu vera um 8 stjórnarmenn til tveggja ára samkvæmt 10. gr. laga félagsins. Um er að ræða formann og gjaldkera auk sex meðstjórnenda. Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga fyrir kjörtímabilið og einn varmann.

Listi uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með mánudeginum 22. febrúar 2016.

Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 16.00 föstudaginn 29. febrúar nk.

Fylgja skulu meðmæli 120 félagsmanna.

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags

Íslensk-ameríska félagið auglýsir styrki fyrir skólaárið 2016 – 2017

Thor Thors styrkir til háskólanáms
í Bandaríkjunum.

